

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Brekkuhús 24.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulag fyrir Brekkuhús 24 sem felst í að bætt er við byggingarreit vestan við núverandi hús á lóðinni. Byggingarreiturinn er 6,5 x 9 m að stærð og innan hans er heimilt að byggja viðbyggingu allt að 55 m² að stærð sem tengist efri hæð núverandi húss. Hámarksþakhæð viðbyggingar er 4,35 m frá gólfkóta efri hæðar núverandi húss. Jafnframt er útivistarleið færð suður fyrir lóðina.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. janúar 2026.

Glæsibær – áfangi 3, Hagaflöt 14.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Hagaflöt 14 í þriðja áfanga byggðar við Glæsibæ. Breytingin felst í lítilsháttar stækkun á byggingarreit lóðarinnar, þannig að byggingarreitur stækkar um 1,0 m til norðurs og 2,0 m til suðurs. Jafnframt eru uppfærð lóðanúmer á skipulagsuppdraetti til samræmis við landeignaskrá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. janúar 2026.

Ofangreindar tillögur hafa hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 9. mars 2026.

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 23. mars 2026